

STJÓRNARTÍÐINDI B 61 — 1982

27. september 1982.

1025

Nr. 566.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 688 28. desember 1981, um takmarkanir á þorskveiðum togskipa 1982, sbr. reglugerð nr. 234 11. maí 1982.

1. gr.

3. töluliður 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Í 20 daga samtals á tímabilinu 1. september til 31. desember 1982.

2. gr.

1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Á sama tíma og skip láta af þorskveiðum sbr. 2. og 6. gr., má hlutur þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki vera meiri en hér segir:

1. 5% í 28 daga.

2. 15% í 41 dag.

3. 30% í 41 dag.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi 2. gr. reglugerðarinnar nr. 234 11. maí 1982, um breyting á reglugerð nr. 688 28. desember 1981, um takmarkanir á þorskveiðum togbáta 1982.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. september 1982.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.